

Bólusetningaboli barnanna. Bólusetning til ófrjósemi

Julian Sorell Huxley (1887-1975) var breskur líffræðingur. Og hér um bil eins og tíðarandinn bauð, hafði hann sterkan áhuga á mannrækt og fækkun mannkyns. Því menn trúðu býsna bókstaflega, að mannkynið væri í hættu statt, ef hinir óæskilegu ykju kyn sitt stjórnlaust. Þessi heiðursmaður var fenginn til að veita Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific, and Cultural Organization- UNESCO) forstöðu, þegar hún var sett á laggirnar.

Fyrir þrem áratugum eða svo hófust Sameinuðu þjóðirnar handa um að framleiða bóluefni handa hinum óæskilegu - að sögn til að verja þá fyrir stífkrampa. En bóluefnin voru í raun til þess gerð að trufla æxlun, fækka fólki. Menningarmála- og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO – World Health Organization) – einnig innan vébanda Sameinuðu þjóðanna - voru burðarásar alþjóðlegra stofnana við þessa iðju.

Sami ljóti leikur hefur verið endurtekinn með bólusetningar gegn öðrum sjúkdómum að yfirsíkinu. Bill Gates fer þar mikinn.

Það vill nefnilega svo til, að fólksfækkunardraumur hinna æskilegu eða góðu, t.d. Henry Ford (1863-1947), John Davison Rockefeller (1839-1937), Adolf Hitler (1889-1945) og fleiri, lifir góðu lífi. Það er meira að segja ekki ýkja langt síðan, að David Rockefeller (1915-2017), sá er ýtti hamfarahlýnunarvísindunum á flot, hitti fyrir Bill Gates, George Soros og fleiri góðkunningja í „Góðvinafélaginu“ (The Good Club) til að skeggræða fleiri leiðir til fólksfækkunar. Wall Street Journal birti um þetta grein árið 2009.

Mannræktarauðkýfingarnir og hluti huliðsstjórnarinnar (Rockefeller stofnunin, Leyniþjónusta Bandaríkjanna (CIA) og Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna) halda líka úti netsíðu (deagel.com) með yfirliti yfir hernaðarstyrk og spár um mannkynsfækkun.

Slík „gatnamót“ hagsmunaaðilja á sviði heilbrigðis, hamfara og hernaðar, er víðar að finna, eins og í stríðinu gegn körlum, kyni, tungumáli og menningu, á innri vettvangi, og stöðugum stríðsrekstri, uppreisnum, uppötum og byltingum, á ytri vettvangi.

Alheimsefnahagsráðið fer ekki í launkofa með áætlun sína um útrýmingu þjóðmenningar og alheimsstjórn. Innan skamms munu þjóðir heims væntanlega samþykkja yfirþjóðlegt vald Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Það er hluti „Endurræsingarinnar miklu“ í kjölfar covid-19 faraldursins.

Í Góðvinafélaginu og svipuðum samkundum, spjalla þeir, sem drottna og vilja auðgast, auka völd sín og áhrif. Þeir hittast jafnaðarlega og hafa gert í áratugi, jafnvel aldir. Bill

Gates, sem leggur virka hönd á plóg, hvar sem gróðailm er að finna og bóluefni og fólksfækkun ber á góma, hefur lýst einskærri aðdáun á stefnufestu þeirra auðmannaætta, sem mestu ráða um gang mála í veröldinni.

Auðvaldar veraldar halda þing eins og krummarnir. Laupur þeirra er í Davos í Sviss. Félagsskapurinn heitir nú – eins og drepið var á- Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum). Íslendingar eiga þar fulltrúa. Hæst ber Katrínu Jakobsdóttur.

Alheimsefnahagsráðið á nána samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, sérstaklega Alþjóðaheilbrigðisstofnunina. Hana fjármagnar Bill Gates að verulega leyti. Hann fjármagnar sömuleiðis samvinnu við nokkrar ríkisstjórnir, þar á meðal hina norsku, um að bólusetja alla heimsbyggðina – sérstaklega óæskilegt, fátækt og ólæst fólk, í þriðja heiminum svokallaða (GAVI).

En íbúum Vesturlanda þarf einnig að fækka og gera þá leiðitamari. Til þess var t.d. covid-19 veiran búin til í samvinnu kínverskra yfirvalda, lyfjastórvelda og bandarískra stjórnvalda, svo efla mætti farsóttaiðnaðinn. Tilraunir með fugla- og svínaflensur (og fleiri sjúkdóma) urðu hálf snubbóttar.

Markviss undirbúningur að covid-19 faraldrinum hófst fyrir áratugum síðan. Það dugði þó skammt að búa til heppilega veiru. Áróðurumgjörðina þurfti nefnilega að tryggja, svo og samvinnu ríkisstjórna og fjölmiðla. Nú vill svo heppilega til, að fjölmiðlar eru flestir í eigu aðilja með sams konar hagsmuni og lyfjasamsteypurnar.

Sömuleiðis þurfti að tryggja, að hönd réttvísinnar næði ekki í skottið á lyfjaframleiðendum. Því voru þeim gefin lagaleg grið. Það hefur vafalítið stuðlað að óábyrgri hegðun þeirra. Eins og flestum mun kunnugt er fyrirtækjunum sjálfum falið að rannsaka eigin afurðir. Það er á grundvelli þeirra rannsókna, að velviljað ríkisvald veitir markaðsleyfi.

Þar að auki tryggir ríkisvaldið kaup á lyfjum og bóluefnum fyrirtækjanna í nafni lýðheilsu og heilbrigðisþjónustu fyrir alla. Heilbrigðisstéttir – einkum læknar – veita þessum efnum brautargengi, því þeir hafa lært lexíur læknaháskólanna um gildi lyfja umfram aðrar lækningar. Fjöldi þessara stofnana er í eigu lyfjafyrirtækjanna. Ófáir vísindamenn eru háðir styrkjum frá þeim.

Samvinna ríkisvaldsins við alþjóðastofnanir og samningar við lyfjafyrirtækin virðast gruggugir. Við fáum ekki að sjá þá. Okkur hefur heldur ekki verið gerð ljós áróðurssamvinna ríkisvaldsins og alþjóðlegra stofnana eins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Í ljós hefur komið, að átt hefur sér stað samvinna þessara aðilja um áróður fyrir upplogna covid-19 faraldrinum, samtímis því, að lyfjafyrirtækin hafa mútað og greitt til fylgilags svokölluðum áhrifavöldum, fagtímaritum, vísindamönnum, læknum, fjölmiðlamönnum og tæknirisum.

Þar að auki hafa auðvaldarnir tekið í þjónustu sína alþjóðlega sérfræðinga í lýðstjórnun og stofnað sérstök staðreyndafyrirtæki (fact checkers), sem ráðast eins og hrægammar að hverjum þeim, sem vogar sér að koma með athugasemdir við opinberan rétttrúnað. Katrín Jakobsdóttir hefur falið Fjölmiðlanefnd þetta verkefni.

Covid-19 veiran var skoðuð af varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna með tilliti til vopnagildis hennar. Hún þótti ekki nógu skaðvænleg. Það mat reyndist rétt. Skaðsemi hennar var áþekk skaðsemi vondrar flensu. En öðru máli gegnir um bóluefnin, sem voru meira eða minna tilbúin, þegar veirunni var sleppt lausri.

Það hefði hins vegar farið um tilburði til skilgreiningar á alheimsfarsótt og áður er greint frá í sambandi við fugla- og svínaflensu, hefði hið alræmda og handónýta PCR-próf ekki verið fundið upp af gæðingi lyfjafyrirtækjanna í Þýskalandi.

Í rannsóknum sínum höfðu lyfjarisarnir – hér er einkum skírskotað til rannsókna Pfizer – þegar skráð margvíslegar aukaverkanir og meinviðbrögð, t.d. vond áhrif á ónæmiskerfi, hjarta, æxlunarhæfni kvenna og karla, meðgöngu, svo og margvísleg krabbamein. Andlát voru einnig skráð.

Vitneskjunni var hins vegar stungið undir stól, en hefur enduruppgötvast við greiningu gagna, sem dómstólar hafa þvingað Pfizer til að birta sem og í yfirheyrslum þingnefnda og við almennaréttarhöld. Uppljóstrarar hafa einnig lagt drjúgan skerf af mörkum við að afhjúpa falsanir, lygar og vanhæfni embættis-, vísinda- og stjórnámálanna.

Þegar áróður yfirvalda og fjölmiðla hefur ekki dugað til að halda munntaui hinna gagnrýnu í skefjum, hefur heilbrigðiskerfið og dómsvaldið beitt svívirðilegum bolabrögðum, m.a. lagt fólk inn á geðsjúkrahús og þvingað í það geðveikislyf. Aðrir hafa verið látnir sæta ýmis konar ofsóknum og hótunum, m.a. missi starfsréttinda.

Það er skemmst frá því (almennt) að segja, að í kjölfar bólusetninga við covid-19 hafa komið í ljós – eins og ýjað var að – allra handa kvillar og andlát fólks á besta aldri og við góða heilsu.

Í fjölda rannsókna hefur líka verið sýnt fram á vond andleg áhrif á geðheilsu fólks og þroska vegna gerræðisaðgerða stjórnvalda. Nú er einnig orðið ljóst, að eiturefnin

berast úr blóðrás í miðtaugakerfi (heila) og valda margs konar kvillum eins og einbeitingarskort, doða, minnisleysi og manngerðarbreytingum, svipuðum þeim, er einkenna taugahrönnunarsjúkdóms eins og t.d. Alzheimers (á ákveðnu stigi). Áhrif bóluefnanna „smitast“ bæði við snertingu og innöndun (shedding).

Til að gera vont verra hafa heilbrigðisyfirvöld, sjúkrahús- og embættislæknar, beitt lækningafólksku, þ.e. bannað lyf, sem vænleg eru til lækninga, og heldur beitt lækningum, lyfjum, sem stuðluðu að dauða.

Stjórnámálamenn hafa tekið í þessu þátt, ásamt fölsunum á opinberum gögnum, í því skyni að ýkja hættu af veirunni, drepa á dreif hættu af bólusetningum og skapa ofsahræðslu hjá almenningi, sem treyst hefur í blindni. Það er ekki um það að villast; stjórnvöld rísa ekki undir traustinu.

Áróður embættis- og stjórnámálamanna er svo svæsin, að börnum skal heldur ekki hlíft, enda þótt fyrir liggi, að þau hristi yfirleitt af sér sýkinguna og að umframdaugi meðal þeirra, eftir bólusetningu, sé síst minni en hjá heilbrigðum fullorðnum.

Sumum er líklega í fersku minni, þegar Ingileif Jónsdóttir, prófessor í ónæmisfræði og starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar, sagði börnin eiga þetta grugguga glundur skilið, hvorki meira né minna.

Starfsbróðir hennar, Magnús Karl Magnússon, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði, tók í sama streng:

„Bóluefnin sem nú standa okkur til boða veita mikla vörn og hafa mjög fáar auka- verkanir. Þær stofnanir sem gæta hagsmuna barna gangvart nýjum lyfjum hafa metið þessar rannsóknir. Þær hafa allar komist afdráttarlaust að sömu niðurstöðu. Hættan af bóluefnunum er mun minni en sú hætta sem fylgir því að barnið fái ekki bóluefni og eigi á hættu að fá sýkingu með fylgikvillum.“

Svandís Svavarsdóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, hvalavinur, kynfjandi og kvenfrelsi, samþykkti bólusetningar barna á þessum forsendum, og samkvæmt meðmælum þáverandi sóttvarnalæknis, Þórólfs Guðnasonar.

En betur má, ef duga skal. Nýr sóttvarnalæknir er ekki af baki dottinn, þrátt fyrir álit óháðra sérfræðinga og þá reynslu, sem raun ber vitni um.

Boðskapurinn er í hnotskurn þessi: Þeim mun fleiri sprautur, þeim mun meiri líkur á á covid-19 sýkingu og allra handa sjúkdómum, því sprautan veikir ónæmiskerfið.

Þó ber að nefna, að efnin virðast miseitruð í bráð, hugsanlega í lengd einnig, eftir framleiðslueiningum (batch). T.d. fengu starfsmenn Pfizer í Ástralíu meinlaust glundur, meðan yfirmennirnir forðuðust sprauturnar.

En Guðrún okkar Aspelund skellir skollaeyrum við þessu öllu. Upplýsingaóreiða segir hún. Þann 27. ágúst má lesa í Vísi:

„Undanfarnar vikur hefur orðið mikil fjölgun Covid smitaðra hér á landi. Sóttvarnalæknir segir ólíklegt að grípa þurfi til aðgerða en hvetur eldra fólk og áhættuhópa til að þiggja bólusetningu vegna Covid í haust.

Ísland er ekki sér á báti hvað varðar fjölgun Covid-smitaðra undanfarið því sama er að gerast í löndunum í kring að sögn Guðrúnar Aspelund sóttvarnalæknis. Einkenni veikindanna séu svipuð og áður. „Við höfum ekki séð nein merki um meiri veikindi, það er að segja, fleiri innlagnir eða alvarleika,“ segir Guðrún.“

Guðrún og fólk af hennar sauðahúsi hefur líklega ekki gluggað í bók félagsskapar lækna, sem berjast fyrir siðvæðingu í sambandi við faraldurinn (Doctors for Covid Ethics). Læknarnir fullyrða, að covid sprauturnar hafi valdið dæmalausum skaða og bæta við:

„Aukin heldur er [skaðsemin] ekki bundin við covid bóluefnin einvörðungu; þvert á mót er hún fólgin í sjálfri mRNA [erfðabreytinga-] tækninni sem slíkri. Því má við því búast, að mRNA bóluefni í framtíðinni gegn öðrum veirum eða sýklum (bacteria) verði ámóta eitruð. Þessi tækni mun aldrei verða örugg leið til að búa til bóluefni gegn sýkingum af hvaða tagi sem þær eru.“

Því má við bæta, að lyfjarisarnir vinna nú markvisst að því að þróa slík bóluefni með einstaklingsbundna aðlögun að leiðarljósi, þannig að hver og einn gæti innan skamms fengið sitt eigið, sérhannaða bóluefni, samkvæmt auðkenningu. En slík auðkenning er boðuð af alþjóðastofnunum og bólusetningaaudkýfingum.

Enn hefur ekki tekist að greina innihald bóluefnanna til fullnustu, en grunur leikur á, að meðal framandi innihalds sé að finna efni til sýkingar, íhlutunar og stjórnunar á miðtaugakerfi, og þar af leiðandi sjálfstjórn, falin í svokölluðum nanóögnum. Það er ástæða til að ætla, að unnt sé að virkja slíka sýkingarvalda með rafsegulbylgjum (4G og 5G). Reynslan frá Kína virðist styrkja þann grun.

Það er öldungis rétt hjá Guðrúnu, að nýr faraldur sé í deiglunni. Því má búast við svipuðum aðgerðum og sviptingu mannréttinda. Samþykki ríkisstjórn Íslands tillögu

að forræði Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í heilbrigðismálum, er viðbúið, að aðgerðir stjórnvalda verði enn þá harðsvíraðri en meðan á síðasta faraldri stóð.

Ég hef oftsinnis velt því fyrir mér um ævina, hvernig það megi vera, að örlítið úrval manna fái og nái að stjórna hinum þögla meirihluta eins og væri hann skynlaus skepna, leiða hann eins og jarmandi bjöllusauði til beitar, hvert sem er - eða hér um bil.

Það eru vissulega fleiri, sem undrast hafa. Einn þeirra er Paul Cudenec. Hann svarar sjálfum sér:

„Glæpaveldið (criminocrats) beitir sérhverri brellu í [lýðstjórnar-]bókinni til árangurs; frá áróðri til lögregluofbeldis, frá mútum til fjárkúgunar, frá óheiðarleika til skuldsetningar. En meginaðferðin til að hafa á okkur taumhald er að etja okkur gegn hverju öðru, draga okkur í dilka, þannig að lífsorka okkar spillist í innbyrðis átökum í stað þess að beina henni að raunverulegum óvinum, fólkinu á tindi alheimsvaldapiðramídans.“

Ég tek vitaskuld undir þetta svar Paul. Dilkarnir eru t.d. þjóðerni og trúarbrögð og menning. En ljóst má vera, að skelfing eða ofsahræðsla er best til þess fallin að kippa rökhugsun úr sambandi og færa fólk niður á stig múgsefjunar og hjarðeðlis. Þegar þangað er komið lýtur það forystusauðunum umyrðalaust. Við erum nefnilega múgsefjunardýr umfram allt.

<https://www.britannica.com/biography/Julian-Huxley>

<https://www.latimes.com/california/story/2023-08-09/covid-19-is-heating-up-this-summer-should-we-wear-masks-again>

<https://expose-news.com/2023/08/27/shocking-foia-results-11-million-to-bribe-ob-gyns-to-lie-to-mothers-about-safety-of-mrna-vaccines/>

<https://dailyclout.io/bombshell-pfizer-and-the-fda-knew-in-early-2021-that-the-pfizer-mrna-covid-vaccine-caused-dire-fetal-and-infant-risks-they-began-an-aggressive-campaign-to-vaccinate-pregnant-women-anyway/>

<https://rumble.com/v3ado25-evil-cdc-director-brags-millions-of-children-died-suddenly-from-covid-jabs.html>

<https://www.preprints.org/manuscript/202308.1433/v1>

<https://expose-news.com/2023/08/21/leaked-documents-show-american-doctors-were-financially-rewarded-for-pushing-the-covid-jab/>

[Hospital admissions linked to SARS-CoV-2 infection in children and adolescents: cohort study of 3.2 million first ascertained infections in England | The BMJ](https://www.bmj.com/2023/08/21/hospital-admissions-linked-to-sars-cov-2-infection-in-children-and-adolescents-cohort-study-of-3-2-million-first-ascertained-infections-in-england)

https://steigan.no/2023/08/who-steriliseringsvaksiner-og-eugenikk/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.globalresearch.ca/turbo-cancer-nurses-covid-19-mrna-vaccines/5829465>

<https://www.globalresearch.ca/social-media-influencers-turbo-cancers/5829642>

<https://rumble.com/v2mo5kk-almannadmur-s01e05-dr.-david-martin-eftirlstir-fyrir-hryjuverk-me-sklavopnu.html>

https://www.theepochtimes.com/us/exclusive-whistleblower-who-disclosed-myocarditis-spike-in-military-after-covid-vaccine-goes-public-5477416?src=partner&src_cmp=TheChiefNerd

<https://www.globalresearch.ca/military-bioweapon-disguised-medical-cure/5829081>

https://www.visir.is/g/20232455147d/hvetur-eldra-folk-og-a-haettu-hopa-til-ad-thiggja-bolu-setningu-i-haust?fbclid=IwAR2LxL_rOre1oTOSmgxnVfqyeRve8Q0gXl3YR_0vR501A2KtitHUeDhOy_s

<https://www.visir.is/g/20212141832d/rad-herra-sam-thykkir-bolu-setningu-barna>

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/11/24/stutt-i-ad-leyft-verdi-ad-bolusetja-5-11-ara/>

<https://rumble.com/v282ov8-almannadmur-s01e04-homo-borgenesis-5g-marburg-ebola-lp-nanagnir-og-uppvakni.html>

<https://rumble.com/v3ccvpi-bill-gates-people-who-resist-mrna-tsunami-will-be-excluded-from-society.html>

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/08/23/maelir-heilshugar-med-bolusetningum-barna/>

<https://rumble.com/v1mxliy-plandemic-2-indoctrination-full-documentary.html>

<https://www.visir.is/g/20212198020d/sannar-lega-ekki-slaemt-ad-gera-til-raunir-a-bornum>

<https://frettin.is/2021/12/19/magnus-karl-magnusson-svarar-frosta-um-lyfjatilraunir-a-bornum/>

<https://hemali.no/siste/ivermektin-se-hvordan-fda-snudde-om-farlig-hestemedisin/>

[Deaths by vaccination status, England- Office for National Statistics](https://www.ons.gov.uk/health/immunisation-and-vaccinations/vaccinations/deaths-by-vaccination-status-england)

<https://rumble.com/v3bc99u-man-in-america-8.24.23-10pm-dr-david-martin-dont-fear-the-coming-lockdowns.html>

https://www.theepochtimes.com/us/exclusive-whistleblower-who-disclosed-myocarditis-spike-in-military-after-covid-vaccine-goes-public-5477416?src=partner&src_cmp=TheChiefNerd

<https://rumble.com/v21voxs-almannadmur-s01e03-the-lancet.html>

<https://utvarpsaga.is/katrin-jakobsdottir-a-ad-segja-af-ser/>

<https://www.globalresearch.ca/not-a-single-court-in-the-western-world-is-willing-to-examine-the-covid-19-evidence-crimes-against-humanity-revealed-by-dr-reiner-fuellmich/5829809>

<https://utvarpsaga.is/bergmalshellir-stjornvalda/>

<https://utvarpsaga.is/samtenging-pfeizer-reuters-og-world-economic-forum-hafa-fullkomna-stjorn-a-boluefnasolu-stadreyndakonnunum-og-samningum-vid-blaeygdar-rikisstjornir/>

<https://www.fhi.no/nyheter/2022/menstruasjonsforstyrrelser-12-15-ar>

[Inquiry publishes commissioned report on the epidemiology of COVID-19 | Scottish COVID-19 Inquiry \(covid19inquiry.scot\)](https://www.scotland.nhs.uk/inquiry/covid-19)

<https://utvarpsaga.is/ekki-ottast-komandi-lokanir-samsaerid-er-thegar-dautt/?fbclid=IwAR1ZcEKeEJ9828VSADTSu3cD-0IDKP6MAsHb9vmEeYS7SId1Pde1DIXwvH0>

<https://lovoghelse.no/2023/08/25/kommer-det-faktisk-enda-en-covid-runde/>
<https://lovoghelse.no/2023/08/25/kommer-det-faktisk-enda-en-covid-runde/>

[Hospital admissions linked to SARS-CoV-2 infection in children and adolescents: cohort study of 3.2 million first ascertained infections in England | The BMJ](#)

[How Humans Were Used as 'Lab Rats' in the COVID Pandemic: Dr. Ryan Cole on Fragmented mRNA, Spike Protein Messages, and the Vaccine 'Ego' | EpochTV \(theepochtimes.com\)](#)

[Political meddling suspected in Ottawa police investigation of Constable Helen Grus-Rebel News](#)

[Grieving mother not told nature of misconduct in probe of baby's death: lawyer | CBC News](#)

[Pandemic preparedness and the road to international fascism- Bell- The American Journal of Economics and Sociology- Wiley Online Library](#)

[COVID-19 epidemiology update: Summary — Canada.ca \(archive.md\)](#)

[More people than expected are dying in Canada in 2023 for reasons that are not yet clear- The Globe and Mail \(archive.md\)](#)

[Monthly mortality analysis, England and Wales- Office for National Statistics \(ons.gov.uk\)](#) [Monthly mortality analysis, England and Wales- Office for National Statistics \(ons.gov.uk\)](#) [Monthly mortality analysis, England and Wales- Office for National Statistics \(ons.gov.uk\)](#)

<https://www.globalresearch.ca/pfizer-australian-employees-covid-shots-separate-population/5829416>

<https://www.independent.co.uk/news/uk/home-news/new-variant-covid-mask-rules-b2395154.html>

<https://expose-news.com/2023/08/08/hancock-care-homes-euthanasia-midazolam/>
<https://expose-news.com/2023/08/08/hancock-care-homes-euthanasia-midazolam/>

<https://expose-news.com/2023/08/11/1in73-dead-covid-vaccination-uk/>

https://alexberenson.substack.com/p/quick-update-on-berenson-v-biden?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://rumble.com/v2fknmm-rodney-palmer-exposes-cbc-propaganda-day-1-toronto-national-citizens-inquir.html>

<https://rumble.com/v2oqo4m-marianne-klowak-gives-an-inside-look-at-cbcs-abandonment-of-journalistic-ex.html>

<https://mailchi.mp/brownstone/40-years-of-freedom-8295051?e=f63bd334d0>

https://www.igor-chudov.com/p/more-canadians-dying-in-2023-canadian?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2023/08/05/bombshell-pfizer-employees-were-given-special-batch-of-vaccine/>

<https://www.globalresearch.ca/turbo-cancer-doctors-top-breast-cancer-surgeon-top-20-oncology-influencer-twitter-dr-liz-oriordan-age-48-beat-breast-cancer-she-took-4x-covid-19-mrna-vaccines-now-her-cancer-back/5827736>

<https://www.globalresearch.ca/mrna-covid-vaccines-may-triggering-turbo-cancers-young-people-experts/5827514>

<https://www.hartgroup.org/fear-mongering/>

<https://www.hartgroup.org/nextcove/>

<https://mailchi.mp/thepeoplesvoice/big-pharma-exec-admits-covid-jabs-designed-kill-white-people?e=2e717d0c8e>

https://pandata.org/cockup-or-conspiracy/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2023/07/27/europes-child-deaths-soared-in-2022/>

<https://expose-news.com/2023/07/27/631x-increase-child-deaths-proves-covid-vaccine-is-safe/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/switzerland-miscarriages-stillbirths-covid-shots/?utm_source=luminate&utm_medium=email&utm_campaign=defender&utm_id=20230728

<https://expose-news.com/2023/07/23/deagel-cia-dod-rockefeller-depopulation/>

<https://expose-news.com/2023/07/19/gov-admits-covid-vaccine-ade/>

<https://www.globalresearch.ca/secret-may-2009-meeting-of-the-good-club-billionaire-club-in-bid-to-curb-overpopulation/5742626>

<https://brownstone.org/articles/why-did-mental-health-professionals-go-along-with-lockdowns/>

<https://brownstone.org/articles/solutions-to-vaccine-troubles-in-ten-sentences/>

<https://brownstone.org/articles/the-great-cloud-of-disrepute/>

<https://www.globalresearch.ca/there-was-no-pandemic-dr-denis-rancourt/5824976>

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.1002/ejhf.2978>

https://childrenshealthdefense.org/defender/kid-allergies-asthma-aluminum-vaccines/?utm_source=luminate&utm_medium=email&utm_campaign=defender&utm_id=20230727

[mRNA Vaccine Toxicity – Doctors for COVID Ethics \(doctors4covidethics.org\)](https://doctors4covidethics.org/mRNA-Vaccine-Toxicity)

<https://expose-news.com/2023/07/29/mrna-vaccine-toxicity-a-book-for-life-please-pass-it-on/>

<https://expose-news.com/2023/07/29/covid-vaccine-shedding-confirmed/>

<https://expose-news.com/2023/07/29/why-do-peoples-personalities-change-following-covid-vaccination/>

<https://expose-news.com/2023/07/29/we-tried-to-warn-you-covid-vaccine-ade-confirmed/>

<https://rumble.com/vu8ime-important-video-dr-reiner-fuellmichs-opening-statements-grand-jury.html>

<https://rumble.com/v2z3wco-infertility-the-diabolical-agenda-full-vaccine-documentary.html>